

## LISTIR

# Englaborg

## MYNDLIST


Englaborg,  
Flóka götu 17  
MÁLVERK  
SIGTRYGGUR BJARNI  
BALDURSSON

Opið alla daga frá kl. 15–18  
og eftir samkomulagi.  
Til 19. mars.  
Aðgangur ókeypis.

Það er óvenjulegt, að ekki sé fastar að orði kveðið, að hefja listdóm á því að skrifa um bygginguna sem hýsir listviðburðinn en í þessu tilviki er um sértilfelli að ræða og það ærið. Hér hafa mál fyrir góða skikkjan forsjónarinnar snúist á betri veg, þá sérhannað hús fyrir myndlistarmann stendur autt vegna fráfalls fyrri eigenda, og slík hús úr nokkuð fjarlægri fortíð örfá, þannig að telja má þau á fingrum sér. Mun oftast hefur til efnið verið að mótmæla hugmyndum um aðra nýtingu húsanna, fráleita og til hliðar við þá sem þau voru byggð yfir, eins og hús Ásmundar Sveinssonar við Freyjugötu, og nú síðast hús Jóns Stefánssonar við Bergstaðastræti 74, sem Gunnlaugur Scheving bjó seinna í um árabil, en í því tilviki þar valtað yfir minjagildi, ígildi þjóðargræma. Sama gerist um allar breytingar sem fjarlægja merkileg hús uppruna sínum, einkum ef þær þjóna einungis grunnfærðum og yfirborðslegum hug-

myndum eftirkomendanna.

Skrifari fylgdist með því sem ungur drengur, þá hamarinn þungbúni reis upp innarlega á Rauðarárstígnum, sem seinna fékk nafnið Englaborg, og var alla tíð íveru og vinnustaður málarans nafnkennnda Jóns Engilberts (1908–1972). Var fyrst gestur í húsinu fyrir nákvæmlega hálfri öld, er hann var nokkra mánuði nemandi Jóns í Handíða- og myndlistaskólanum, seinna átti hann oftast erindi þangað, einnig eftir andlát Jóns 1972, eða allt þar til ekkja hans, heiðurskonan Tove Fugman, lést, en þá var húsið loks sett á sölulista. Opínberir aðilar höfðu ekki áhuga á húsinu frekar en öðrum lúkum þótt það væri afar vel staðsett, fin húsgerðarlist, og gat nýst til margra hluta myndlistinni til blessunar, tregðulögmalíð og þröngsýnin í heiðursstæti sem fyrri daginn. Reykjavíkurborg mun hafa boðist forgangur að kaupum á húsinu en eftir að hafa látið erfingjanna bíða von úr viti gáfust þeir upp og settu það á almennan markað. Ekki gekk of vel að selja það vegna þess að aðalgluggarnir sneru í norður, eins og sjálfsagt er og eðlilegt, tíðkast allt eins hjá myndlistarmönnum og að framhlið guðshúsa snúi í vestur. Litlu mun þó hafa munað að húsið væri selt undir veitingasölu, en þá skeði það skyndilega að ungur málarari Sigtryggur Bjarni Baldursson og freyja hans hönnuðurinn Tinna Gunnarsdóttir festu sér það. Telja má það farsælan endi því segja má að húsið hafi þar með gengið í



Ljósmynd/Bragi Ásgeirsson  
Eitt af málverkum Sigtryggs Bjarna Baldurssonar á sýningu hans í Englaborg, Flóka götu 17.

endurnýjun lífdaga, sem er eðlilegt og sjálfsagt að slík sérhönnuð hús geri, einkum vegna fágætis þeirra hér í borg. Þeim lyktum ber að fagna og eru eðlilegur vaki þessara lína.

Á laugardag opnaði Sigtryggur Bjarni fyrsu sýningu sína í hinni lofthá og björtu vinnustofu á efri hæðinni. Fannst mér ég einhvern veginn eiga meiri erindi þangað en á aðrar opnanir daginn þann og var því mættur á staðinn á fyrstu mínútu, þótt ég hefði annars í hyggju að eyða deginum á eigin

vinnustofu. Nú var aðkoman nokkuð önnur en áður, húsráðandi fullkomin andstæða fyrirrennara síns í lífi og list, lítillætið og hógværdin í framkomu, og list hans slétt og faguð. Í stað slagsmála og svipmikilla átaka við myndefnin, nálgast Sigtryggur Bjarni þau hægt og rólega, af mikilli natni og vandvirkni, en hér er ein ungis um skapgerðareinkenni að ræða sem kemur endanlegum árangri lítið við, og sitt sýnist hverjum sem fyrri daginn. Listamaðurinn hefur haldið nokkrar smærri einkasýn-

ingar og myndir hans vakið athygli á samsýningum, einkum fyrir upplifð og þaulhugsuð vinnubrögð, virðast helst hafa það sem einkunnarorð að sígandi lukka sé best. Það má þó vera mikið rétt að ögrunin, viðbjóðurinn og hama-gangurinn sé vænlegri til eftirtektar nú um stundir þótt sömu lögmál gildi sem fyrr í myndlistinni, að sápukúlur og loftbólur séu ekki varanlegs eðlis. Og eins og vænta má er það sjálft sígilda málverkið sem er miðillinn, þó með nýjum formerkjum sem opinberast í ýmsum fyrirbærum merlunar og hrynjandi á myndfleti, náðinni og óendanleika himinhvolfsins í senn. Gengið er hreint til verks, engin háleiti áhrifameðöl notuð, engar bráðabirgðalausnir né léttfengin vinnubrögð, síst haldið aftur af sér um vinnu, en þar dettur mér í hug að listamaðurinn hafi tekið upp einkunnarorð Giovanni Boltraffio, nemanda Leonardo de Vinci, þolinmæði þrautir vinnur allar.

Þessi gerð myndverka útheimtir nefnilega mikla þolinmæði og þarfnast hvorki listsögulegrar og heimspekijbrunginnar mælskukynngi né djúphugsaðra orðaleppa við til að öðlast líf eins og svo margt sem verður á vegi manns í sýningarsölu heimsins.

Þetta er falleg sýning og erfitt að gera upp á milli verkanna, þótt hið finlega sé styrkur listamannsins, en satt að segja er húsnaðið betur fallið til vinnu en sýningahalds hér verður helst að þrjóta upp öll lögmál hefðbundinnar upphengingar til að myndverkin njóti sín. Hins vegar verður maður að vona að hinu unga listafólki nýstist þessi draumaaðstaða sem mest og best eigin þarfa í framtíðinni.

Bragi Ásgeirsson

## Samkeppni um handrit

SKILAFRESTUR í samkeppni um sviðsverk sem fjalla á um merka Garðbæinga rennur út 1. apríl. Samkeppnin er á vegum Garðabæjar, í samstarfi við Reykjavík – menningarborg Evrópu, en stofnað var til samkeppninnar á sl. ári. Handritum á að skila á Bókasafn Garðabæjar, Garðatorgi 7, merkt Handritasamkeppni, undir dulnefni, en þeim skal fylgja lokað umslag, merkt dulnefni, þar sem finna má rétt nafn, heimilisfang og síma höfundu.

Prenn verðlaun verða veitt fyrir bestu sviðsverkin. Fyrstu verðlaun 300 þús. krónur, önnur verðlaun 200 þús. krónur og þriðju verðlaun 100 þús. krónur. Stefnt er að því að tilkynna úrslit í samkeppninni fyrir lok júní. Dómnefndina skipa þau Vigdís Finnbogadóttir, fyrrv. forseti Íslands, Lilja Hallgrímsdóttir, formaður menningarmálanefndar Garðabæjar, og Steindór Hjörleifsson leikari.

## Ungverskt menningar-kvöld

FÉLAGIÐ Ísland-Ungverjaland efnir til menningarkvölds í kvöld, miðvikudagskvöld, kl. 20.30, á veitingastaðnum Sólun Íslandus, Bankastræti 7a, 2. hæð. Tveir kórar koma fram og flytja fjöruð ungværsk lög: Samkór Kópavogs, undir stjórn Dagrúnar Hjartardóttur og Kvinnakór Suðurnesja, undir stjórn Agotu Jó. Þá sýnir Þór Halldórsson litskyggjur frá ferðalagi sínu um Ungverjaland. Aðgangur ókeypis.

# Gegnum múrinn

## MYNDLIST

Kjarvalsstaðir  
VEGGVERK – KATRÍN  
SIGURDARDÓTTIR

Til 16. mars. Opið daglega  
frá kl. 10–18.

VEG(G)IR halda áfram göngu sinni sem þemasýning á gangi Kjarvalsstaða. Þetta er snjöll leið til að gefa almenningi kost á að sjá verk verða til, og verða til í merkingunni að hverfa, eða deyja. Þannig er hverri sýningu lokið þegar viðkomandi listamaður er tilbúinn með vegginn sinn, í stað hins venjulega, að sýningin byrji þegar verkið eða verkin eru komin á sinn stað.

Katrín Sigurdardóttir vinnur nú á fullu við að klára sína útgáfu af veggnum sem tengir álmur Kjarvalsstaða. Með því að taka bókstaflega orðaleikinn Veg(g)ir – sem bæði má túlka sem veggi og vegi – brýtur Katrín sér braut gegnum vegginn yfir í landslagið sem finna má bakvið hann. Þetta gerir hún með módelsmíði þar sem hún býr til allnákvaða götumynd af hverfinu norðan Kjarvalsstaða og leggur ofan á þrjár ferningslaga plötur sem hún sker út úr veggnum og tengir við hann með hjörum svo úr verða fellidyr.

Hurðirnar mynda því borðplötur út úr veggnum, en í sárið er settur spegill sem endurkastar módel-smíðinni. Smíði Katrínar ofan á hurðinni er öndverð við raunveruleikann, en spegilmyndin í sárinu á veggnum réttir hana af. Áhorfandinn verður að horfa í spegilinn til að sjá götumyndina rétta.

Með því verður spegilmyndin sem gat gegnum vegginn út til þeirrar áttar sem ekki er sýnileg fyrir veggnum. Óneitanlega minnir slík hugmyndaleg lausn á skuggsjána í Orfeivi Jean Cocteau, sem leikendur sluppu gegnum eins og



Veggverk Katrínar Sigurdardóttur á gangi Kjarvalsstaða.

yfirborð vatns þegar þeir hurfu á vit Heljar.

Við vestanverðan ganginn er módelsmíðin í stærðarhlutföllum sem gefa allskýra mynd af Flóka-götu, Háteigsvegi, Stórholti, Meðalholti, Einholti og Þverholti. Á miðjum veggnum eru stærðarhlutföllin með þeim hætti að bakhýsi Kjarvalsstaða – bókasafnið – tekur allt sviðið, en austanmegin eru minnstu hlutföllin, sem sýna allt hverfið norðan Flóka götu út að hafi.

Þetta er ekki fyrsta módelsmíð Katrínar og vonandi ekki hennar síðasta. Hún hefur um nokkurra ára skeið unnið smáveraldir sem lýsa undursamlegum heimum í hnotskurn. Smáveraldir hennar eru oftast tengdar raunverulegu umhverfi, svo sem sjá má í frábæru farandverki hennar *The Green Grass of Home*, frá 1997. Þar felldi hún módel af einum sextán lystigörðum, á Íslandi og í Bandaríkjun-

um, í eina ferðatösku úr krossviði. Hægt er að fella út hin ýmsu hólf töskunnar og þá liggja garðarnir ljósir fyrir í allri sinni dýrð.

Í *Fyrirmynd/Model*, frá 1998, byggði Katrín hins vegar á ímynduðum þjóðvegum, þó með tilvísun til taugakerfis mannsheilans.

Hugmyndin er náskyld skriðulskenningu franska heimspekingsins Jacques Deleuze – *rhizome* – um jafngild tengsl ólíkra þráða í flatir kerfisbyggingu. Þannig leita verk hennar – hugmyndalega og tæknilega – langt út fyrir mörk hins sýnilega heims, á vit sértækra miða þótt þau séu ávallt byggð á fullkomlega áþreifanlegum forsendum.

[Röng mynd birtist með þessum dómi í blaðinu í gær og er hann því endurbirtur hér með rétttri mynd. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.]

Halldór Björn Runólfsson

## Síðustu sýningar

Hafnarfjarðarleikhúsið  
Salka – ástarsaga

Sýningum á Söllu – ástarsögu fer fækkandi, en sýningin var frumsýnd í október sl. Leikhópnum hefur verið boðið á leiklistarhátt í Stokkhólmi með sýninguna og verður hún sýnd á stóra sviði Ríkisleikhússins þar á næstunni.

Leikarar eru María Ellingsen, Benedikt Erlingsson, Gunnar Helgason, Þrúður Vilhjálmssdóttir, Magnea Björk Þorvaldsdóttir, Jóhanna Jónas, Jón Stefán Kristjánsson, Dofri Hermannsson og Þorvaldur Kristjánsson. Leikstjóri er Hilmar Jónsson.

## M-2000

Miðvikudagur 15. mars.

Borgarskjalasafnið, Tryggvagötu 15.

Sannanir! Evrópa spegluð í skjalasöfnum. Sýning, útgáfa bókar og opnun vefsvæðis í samvinnu borgarskjalasafna sjö menningarborga Evrópu. Tilgangurinn er að kynna hinn auðuga menningararf Evrópu sem er að finna í skjalasöfnum borganna, bæði sameiginleg einkenni borganna og sérkenni þeirra.

Sýningin verður opin alla daga frá kl. 13–17 og á fimmtudögum til kl. 21. [www.euarchives.org](http://www.euarchives.org).

## Pjetur Hafstein les í Gerðarsafni

PJETUR Hafstein Lárusson skáld les úr verkum sínum í kaffistofu Gerðarsafns á morgun, fimmtudag kl. 17.

Dagskráin er á vegum Ritlistarhóps Kópavogs í Gerðarsafni og er aðgangur ókeypis.